



919. fundur stjórnar GSÍ 06.11.2019 kl.19:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Hansína Þorkelsdóttir, Hulda Bjarnadóttir, Jón B. Stefánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Hörður Geirsson, Jón S. Árnason á fjarfundarbúnaði og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 918. fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Ársreikningur 2019 og fjárhagsáætlun 2020-2021

Gjaldkeri GSÍ Kristín Guðmundsdóttir fór ítarlega yfir ársreikning 2019 sem var samþykktur af endurskoðendum GSÍ, Helgu Harðardóttir og Ómari Kristjánssyni, með fyrirvara um samþykki stjórnar. Að lokinni kynningu og umræðum var reikningurinn borinn undir stjórn til samþykktar. Hann var samþykktur einróma og var því næst undirritaður. Hann verður svo sendur út með öðrum þingögnum fyrir Golfþing.

Næst var farið yfir rekstraráætlun fyrir rekstrartímabilin 2020 og 2021 sem aðlagðar eru nýrri tillögu að stefnu GSÍ 2020-2027, sem lögð verður fyrir Golfþing. Fjárhagsáætlun var samþykkt með fyrirvara um að formenn málaflokka stefnunnar fái að staðfesta áætlun sinna málaflokka áður en hún verður send út fyrir Golfþing. Að lokinni yfirferð verður fjárhagsáætlunin borin undir stjórn til samþykktar, áður en hún verður send út til klubbanna.

3. Málefni GM

Málefni Golfklúbbs Mosfellsbæjar voru rædd og uppfærði Haukur Örn stjórnarfolk um stöðu mála.

4. Endanlegar lagabreytingar

Hörður Geirsson og Þorgerður Katrín, fyrir hönd laganefndar GSÍ, fóru yfir endanlegar tillögur um lagabreytingar sem sendar verða út fyrir Golfþing. Tillögurnar voru ræddar og tóku lítilsháttar breytingum. Þær voru loks samþykktar einróma og verða sendar út með öðrum þingögnum.



5. Tillögur varðandi leikkort GSÍ

Hulda Bjarnadóttir kynnti tillögu um breytingu á leikkortum GSÍ eftir samtöl sín við þá golfklúbba sem hafa kallað eftir breytingum á fyrirkomulagi kortanna. Tillögurnar voru ræddar og að loknum breytingum voru þær samþykktar. Tillögurnar verða senda til klúbbanna ásamt öðrum þinggögnum.

6. Endanleg útgáfa stefnumótunar

Brynjar Eldon fór yfir endanlega útgáfu af stefnu GSÍ 2020-27 fyrir hönd stýrihóps stefnumótunar GSÍ. Eftir að tekið hefur verið tillit til allra ábendinga frá golfklúbbum landsins eftir fundarröð í öllum landshlutum hefur skjalinu nú verið komið í lokabúning fyrir Golfþing og verður sent út sem þingskjal.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.00:05